

Aðalfundur FS haldinn föstudaginn 10. júní 2021 kl. 14:00 á Grand hótél

Fundur settur kl. 14:02 af formanni félagsins Árna Bjarnasyni (ÁB).

Alls voru mættir á fundinn, 13 félagsmenn í sal og á fjarfundi voru 3 félagsmenn.

Gengið til fundarstarfa samkvæmt dagskrá.

- 1. Kosning fundarstjóra og ritara.** Árni Sverrisson (ÁS) var kosinn fundarstjóri og Páll Ægir Pétursson (PÆP) fundarritari. Fundarstjóri fór yfir fyrirkomulag fundarins en þetta er einnig fjarfundur til að gefa þeim félagsmönnum sem eru fjarverandi kost á að fylgjast með og vera þátttakendur. Einn fulltrúi Advania sá um tæknimál, þ.e. útsendingu fundarins (fjarfund)
- 2. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á næstliðnu ári.** ÁB byrjaði yfirferð sína á því að biðja menn um að rísa úr sætum og votta virðingu þeim félögum sem látist hafa frá síðasta aðalfundi. Hann rakti störf stjórnar og sagði 3 stjórnarfundi hafa verið haldna á árinu 2021, auk þess hefði stjórnin afgreitt mál í gegnum tölvupósta og í símtölum, auk þess hefðu verið margir aðrir fundir af ýmsum toga. Formaður sagði frá því að sl. haust var keyptur glæsilegur sumarbústaður í Lundsskógi í Fnjóskadal sem hefur notið mikilla vinsælda frá því að útleiga hófst. Nú í vor hafa tveir af fjórum bústöðum á Laugarvatni þ.e.a.s. Hrannarból og Laugaból verið teknir mjög vel í gegn og eru orðnir mun áhugaverðari valkostur en áður. Til stendur að í sumar verði komið fyrir leiktækjum miðsvæðis, skammt frá bústöðunum. Baðherbergi hafa verið endurnýjuð í þremur elstu íbúðunum í Reykjavík og uppi eru hugmyndir um að festa kaup á íbúð í nýbyggingu sem staðsett er við Austurbrú á Akureyri en þar á FS tvær íbúðir. Væntanlega verður íbúðin í Furulund 10 seld ef af þessari fjárfestingu verður.

Stjórn félagsins tók ákvörðun um að hækka upphæð styrkja og sjúkradagpeninga. Þar má nefna hækkun sjúkradagpeninga sem miðast við kauptryggingu á fiskiskipum var hækkuð frá 1. September 2021 úr 490 þús kr. í 555 þús kr. eða um 65 þús. kr. Þessi ákvörðun var tekin í ljósi góðrar fjárhagsstöðu félagsins en einnig og ekki síður taldi stjórnin sér skylt að bregðast við stöðunni þar sem ósamið er við SFS um endurnýjun kjarasamninga og sér ekki fyrir endann á þærri kjaradeilu. Kauptrygging er 490 þús. Kr. samkvæmt gildandi kjarasamningum.

ÁB minntist á hið nýja frumvarp um breytingu á áhafnalögum og sameiginlega umsögn og athugasemdir stéttarfélaganna þriggja; FS, VM og Sí þar sem frumvarpinu er mótmælt harðlega. Tölvupóstur var sendur á alla þingmenn þar sem framkomnu frumvarpi um ný Áhafnalög var mótmælt, auk þess sem þeir nafnar ÁB og ÁS fóru á fund Höllu Signýjar Kristjánsdóttur alþingismanns sem er flutningsmaður frumvarpsins, en sá fundur skilaði litlu að mati formanns og staða málsins er þannig að ekkert tillit er tekið til

okkar tillagna. Undir þessi mótmæli skrifuðu formenn og starfsmenn stéttarfélaganna auk fulltrúa Slysavarnaskóla sjómanna og Skipstjórnarskólans. Einnig áttu ÁS, PÆP og Hilmar Snorrason fund með Ragnhildi Hjaltadóttur og Eggert Ólafssyni í Innviðaráðuneytinu til að mótmæla frumvarpinu.

ÁB rakti síðan gang mála í kjaraviðræðum fiskimanna. Sjómenn upplifa, að þeirra þáttur, sem er að koma með fyrsta flokks hráefni að landi, sé það veigamikill að þrátt fyrir það launakerfi sem þeir búi við, þá sé í ljósi frábærri afkomu greinarinnar borðleggjandi forsendur fyrir þeim kjarabótum sem felast í hófsömum kröfum sjómannasamtakanna.

Hér áður fyrr var það viðtekin venja að LÍÚ og í framhaldinu SFS hækkuðu kauptryggingu og aðra fasta launaliði í kjarasamningum sjómanna til samræmis við almenna markaðinn á hverjum tíma, þrátt fyrir að kjarasamningar sjómanna hefðu ekki verið endurnýjaðir. Þessi aðferðafræði var slegin af í desember 2019 sem þýðir að lágmarkslaun fiskimanna hafa verið óbreytt í 2 ½ ár meðan annað launafólk í landinu hefur notið umtalsverðra kjarabóta. Þarna er um að ræða talsverðar upphæðir sem eru á röngum stað. Í nýjasta tilboði SFS er boðið upp á samning til 10 ára! 33.500 kr. Hækkun kauptryggingar við undirskrift og síðan 13.500 kr. hækkun á ári í níu ár. Séu hækkanir í lífskjarasamningnum auk hagvaxtarauka framreiknaðar frá desember 2019 til dagsins í dag þá er niðurstaðan 100.500 kr. við undirskrift á samningi til 5 ára, en það er svar sjómannasamtakanna við boði SFS upp á 33.500 kr. Síðan fylgi hækkunir út samningstímamann samkv. launaflokki 7 í samningi Starfsgreinasambandsins í stað 13.500 kr. á ári næstu 9 ár. Það sem felst í boði SFS er í raun að vilji sjómenn kjarabætur þá borgi þeir þær sjálfir. Þetta sýnir gjörla þá viðhorfsbreytingu sem átt hefur sér stað, þrátt fyrir gósentíð í gegnum Covid tímabilið, gósentíð sem stendur enn. Meginkrafa fiskimanna í kjarasamningunum er að úgerðin greiði sama framlag og aðrar atvinnugreinar til sinna launþega þ.e.a.s. 11,5 %. Um þessar mundir er staðan þannig að útgerðafyrirtæki eru og hafa verið að fjárfesta í fjölmörgum atvinnugreinum mistengdum og alls ótengdum sjávarúvegi fyrir margfaldar fjárhæðir samanborið við það framlag sem sjómenn krefjast, til að sitja við sama borð og annað launafólk í landinu.

ÁB fór yfir frumvarp sem er til meðferðar á alþingi til laga um breytingu á lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóða og ákvæðum um tilgreinda séreign. Sem fyrr ákveður ráðuneyti fjármála og efnahagsmála að taka sjómannastéttina út fyrir sviga samkv. 6. grein frumvarpsins og þeim gert að semja við viðsemjanda um 3,5 % hækkun sem augljóslega mun ekki gerast áður en frumvarpið verður að lögum. Viðsemjandinn er ósveigjanlegur gagnvart áhöfnum sínum sem eiga án nokkurs vafa stærstan þáttinn í velgengni útgerðafyrirtækjanna. Ríkisvaldið hefur í tímans rás gripið inn í kjarasamninga sjómanna með stöðvun verkfalla eða hótunum um að slíkt verð gert. Óhætt er að fullyrða að engin stétt hefur jafn oft verið svipt lögbundnum verkfallsrétti sínum eins og sjómenn. Formaður skorar á stjórnvöld að henda 6. grein laganna og sjá þar með til þess

að sjómenn sitji við sama borð og annað launafólk í landinu. Útgerðin hefur svo sannarlega borð fyrir báru hvað þetta varðar.

3. Endurskoðaðir reikningar félagsins og sjóða þess lagðir fram og bornir undir atkvæði.
ÁS fór yfir ársreikningana og skýrði.

Sjóðir félagsins eru fjórir, þ.e.a.s. Félagssjóður, Styrktarsjóður, Orlofsheimilasjóður og Starfsmenntasjóður, auk þess greiða útgerðir fiskiskipa svokallað greiðslumiðlunargjald í Félagssjóð, sjóðirnir fjórir eru að venju teknir saman í einn reikning Samstæðureikning í ársreikningi. Rekstrartekjur Félagssjóðs samanstanda af félagsgjöldum og 30% af tekjum hinna sjóðanna en það skýrist af því að Félagssjóður stendur undir rekstrarkostnaði allra sjóðanna.

Rekstrartekjur samstæðunnar voru rúmar 229 milljónir árið 2021, eða um 27 milljónum hærri en árið 2020. Rekstrargjöld voru tæpar 230 milljónir eða tæplega 65 milljónum króna hærri en árið 2020. Munar þar mestu að annar rekstrarkostnaður hækkaði um rúmlega 38 milljónir á milli ára og styrkveitingar hækkuðu um tæpar 15,6 milljónir. Skýringar á þessum hækkunum eru að við endurnýjuðum baðherbergi í þremur íbúðum félagsins, Ásholti 26 og 36 og Neðstaleiti 2, einnig endurnýjuðum við baðherbergi frá a til ö í sumarhúsi félagsins í Úlfstaðaskógi auk fleiri viðhaldsverkefna.

ÁS sagði frá því að fjármagnstekjur að frádrögnum fjármagnsgjöldum hefðu verið um 38 milljónum minni árið 2021 en árið 2020, þær voru rúmar 66,5 milljónir árið 2021, samanborið við rúmar 104,6 milljónir árið 2020.

Hagnaður ársins 2021 var rúmar 66 milljónir samanborið við 141,7 milljónir árið 2020. Sjúkradapeningar voru hækkaðir 1. September um 65.000 krónur, úr 490.170 í 555.170 á mánuði. Þetta var gert til samræmis við hækkanir Lífskjarasamninga, en sem kunnugt er þá miðast sjúkradagpeningar við kauptryggingu sem hefur ekki hækkað vegna þess að ekki hafa náðst samningar við SFS. Það er athyglisvert að yfirleitt hefur SFS ákveðið að launaliðir kjarasamninga sjómanna hækki til samræmis við launahækkanir á almenna markaðnum, en það hefur ekki verið gert núna, það er ekki til að bæta andrúmsloftið í samningaviðræðunum.

ÁS sagði frá því að á stjórnarfund 7. Júní hefði tillaga hans um að leggja niður Menningarsjóð verið samþykkt. Sjóðurinn átti í árslok 2021 krónur 6.711.410.- upphæðin verður lögð inn á reikning Félagssjóðs.

ÁS sagði frá því að á stjórnarfund 7. Júní hefði tillaga hans um að allar íbúðir og sumarhús félagsins yrðu framvegis eignfærðar á Orlofsheimilasjóð verið samþykkt. Þannig er að Ásholt 26 hefur verið eignfærð á Félagssjóð og Ásholt 36 hefur verið eignfærð á Styrktarsjóð. Að áliti ÁS og endurskoðenda þykir þetta eðlilegra og einfaldara.

ÁS greindi frá því að á á stjórnarfund 7. Júní, hefði tillaga hans um að Félagssjóður greiddi skuldir sínar við Styrktarsjóð og Starfsmenntasjóð verið samþykkt. Þannig er að skuld Félagssjóðs við Styrktarsjóð og Starfsmenntastjóð hefur aukist á undanförunum árum vegna þess að greiðslur fara allar í gegnum reikning Félagssjóðs. Að áliti ÁS og endurskoðenda þykir eðlilegt að slíkt uppgjör fari fram árlega á milli sjóðanna, þar sem Félagssjóður stendur vel undir því.

Vegna spurningar um sjúkradagpeninga sagði ÁS að réttur félagsmanna til sjúkradagpeninga sem eru að hámarki 555.170 kr/mán, stofnast þegar menn hafa tæmt veikindarétt sinn hjá launagreiðanda. Ef veikindi dragast á langinn, þá er mönnum bent á að sækja um endurhæfingarlífeyri hjá sínum lífeyrissjóði, hann er oft hærri en sjúkradagpeningar og þegar og ef menn ná heilsu, þá dettur endurhæfingarlífeyrir niður og menn halda áfram vinnu sinni, eða fara á hefðbundinn lífeyri þegar aldri er náð.

4. Umræður um skýrslu formanns og ársreikninga.

Ekki urðu miklar umræður um skýrslu formanns, nema frá einum fundarmanni sem fannst formaður gera fiskimönnum hátt undir höfði í ræðu sinni en vart sé minnst á farmannastéttina. Formaður svaraði því til að síðar á fundinum yrði farið betur yfir málefni farmanna og stöðu annarra kjarasamninga. Hann benti á að á skrifstofunni væri ákveðin verkaskipting varðandi kjarasamninga, hann væri sjálfur mest inni í málefnum fiskimanna.

5. Kjör fulltrúa félagsins í stjórnir, ráð og nefndir eftir því sem við á.

Að þessu sinni var ekki kjör í stjórn félagsins og ekki valið í ráð né nefndir.

6. Ákvörðun stjórnarlauna.

ÁS bar upp tillögu um að stjórnarlaun yrðu óbreytt frá síðasta ári eða 40.000 kr.- pr. fund. Tillagan var samþykkt samhljóða.

7. Kjaramál.

PÆP fór yfir málefni farmanna og sagði að kjarasamningsviðræður farmanna væru framundan og gæti stefnt í krefjandi samningaviðræður í haust þegar kjarasamningar losna, en framundan eru óvissutímabil en verðbólga og vaxtahækkunarhringa gera það að verkum að farið verður fram á kjarabót yfir línuna, við vitum hins vegar ekki hver staðan verður þegar kjarasamningar losna, hvort vaxtahækkunarhringa verður viðvarandi ef t.d. stríðið heldur áfram næstu misseri og verðbólgan hjaðnar ekki þá mun það hafa áhrif. Samningalota stóru blokkanna er ekki hafin ennþá og ekki er gert ráð fyrir neinum hreyfingum í þá átt fyrr en eftir sumarleyfi. Við munum svo koma í humátt á eftir þeim þegar þeir hafa samið um sín kjör því samkvæmt reynslunni fá minni stéttarfélögin ekki pláss eða áheyrn hjá SA fyrr en þeir stóru eru búnir að semja.

Varðandi kjarasamninga skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á útsýnisbátum, þá voru kjarasamningar skipstjórnarmanna og reyndar vélstjóra framlengdir fram á haustið en við munum taka upp þráðinn aftur í haust með VM og knýja á um gerð nýs kjarasamnings fyrir þessa menn.

Við áttum fund með forstjóra Arnarlax 29 apríl sl. á skrifstofu FS, fundurinn var ágætur en áður höfðum við Árni Sv. farið vestur á Bíldudal í boði Arnarlax, en á kostnað félagsins og skoðað starfsemi fyrirtækisins og farið m.a. um borð í brunnskipið M/S Ronja Tind sem lá í höfninni á Bíldudal. Þar áttum við fund með áhöfninni og fulltrúa Arnarlax og lýstum vilja okkar til þess að koma að íslenskum skipstjórnarmönnum á slík skip í framtíðinn. Vel var tekið í þá hugmynd okkar. Við höfum boðið forsvarsmönnum eldisfyrirtækjanna fyrir austan að hitta okkur en af því hefur ekki orðið ennþá. Mikil vinna og tími hefur farið í málefni skipstjórnarmanna hjá eldisfyrirtækjunum en við teljum þeim tíma vel varið því þessi grein er vaxandi og við vonumst til að skipstjórnarmenn fiskeldisfyrirtækjanna á landinu sjái sér hag í að ganga til liðs við FS. Með fleiri félagsmönnum úr fiskeldinu yrði staða okkar mun sterkari til samningsgerðar. Varðandi norsk skip í íslenskri lögsögu hefur verið farið eftir reglum fánaríkis um réttindi, mönnun, tryggingar og lögskráningu. Heimildir strandríkis, í okkar tilfelli Samgöngustofa, til eftirlits með erlendum skipum hafa verið takmarkaðar, en er einkum að finna í ákvæðum um hafnaríkiseftirlit. Í frumvarpi till laga um áhafnir skipa eru ákvæði til að styrkja þessa heimild og með frumvarpinu er lagt til að sett verði ákvæði um stjórnvaldssektir sem LHG geti lagt vegna brota á tilteknum ákvæðum og reglum.

8. Siglingaleiðir

PÆP kynnti í stuttu máli haf- og strandsvæðaskipulag um siglingaleiðir inn um firði og flóa þar sem eldikvíar eru staðsettar. Hópur sérfræðinga kom með tillögur að svæðum sem eingöngu eru ætluð siglingum inná fjörðum fyrir vestan og austan en önnur starfssemi yrði ekki leyfð. Brýnt er að tryggja greiðar og öruggar siglingaleiðir og að mikilvægt er að í strandsvæðisskipulagi séu afmarkaðar öruggar og greiðar siglingaleiðir til hafna þar sem ekki fari fram önnur starfsemi sem truflað geti öryggi siglinga. MAST hefur úthlutað svæðum til fiskeldis í fjörðum á grundvelli hámarks burðarþolsreikninga Hafrannsóknastofnunar. Því miður hefur ekki verið nógu vel hugað að siglingaleiðum við þá úthlutun þrátt fyrir nokkuð skýr fyrirmæli í vitalögum og því helst sinnt af Landhelgisgæslu en í sumum tilfellum eru kvíar innan eða við hvítan ljósgeisla vita. Erfitt að glíma við staðsetningar kvía eftir að svæðum hefur verið úthlutað en þó gerlegt meðan þær hafa ekki verið settar niður.

Í stuttu málið var farið yfir stöðu mála varðandi innri leið við Reykjanesið og endurskoðun á reglugerð. Drög að reglugerð voru kynnt á samráðsgátt í vor og bárust alls 5 athugasemdir sem lesa má á gáttinni. Verið er að vinna úr þessum athugasemdum en þær voru um flest samþykkar breytingum nema hvað varðar hækkun á stærðarmörkum flutningaskipa sem heimilt sé að sigla svokallaða innri leið

allt árið. Við bíðum niðurstöðu þeirrar vinnu sem verður vonandi jákvæð og farmönnum okkar í hag því færð voru góð rök fyrir því í umsögn FS, að heimila skipunum okkar nýju að sigla innri leiðina öryggisins vegna.

9. Öryggisáætlun sjófarenda

Öryggisáætlun sjófarenda 2023 – 2037. PÆP sagði frá áætluninni í stuttu máli og sagði að Samgöngustofa færi með framkvæmd áætlunarinnar og markmiðið væri öryggi sjófarenda, fækka slysum og draga úr tjóni vegna þeirra. Helstu verkefnisflokkar eru menntun og þjálfun sjómanna, fræðsla og miðlun upplýsinga og að lokum öryggisstjórnun sem hefur það markmið að auka öryggi sjómanna. Okkur finnst hins vegar skjóta skökku við að á sama tíma og þessi ágæta öryggisáætlun sjófarenda er lögð fram eru áhafnalögin til meðferðar í þinginu þar sem fjallað er um afslátt til menntunar sjómanna en í nefndarálitinu kemur fram að frá aldamótum hafi 50 skipsströnd átt sér stað sem rakin eru til þreytu og vinnuálags skipverja á bátum 15 metrar og styttri. Þrátt fyrir það leggur meirihluti umhverfis- og samgöngunefndar til að útivistartími smáskips með skerta mönnun megi vera allt að 19 klst. á hverjum 24 klst. Auk þess að háseti megi gegna stöðu stýrimanns án tilskilinna réttinda, hafi hann tólf mánaða siglingatíma á sl. þremur árum, ákvæðið er til bráðabirgða til 1. Júlí 2024 eða s.k. sólaralagsákvæði. Þessu hafa sjómannasamtökin mótmælt harðlega eins og fram hefur komið og okkur finnst þetta rekast hvað á annars horn.

Að lokum sagði PÆP frá Nordisk Navigatör Kongress en sú ráðstefna verður haldin í ágúst n.k. í Vestmannaeyjum. FS mun hafa veg og vanda að ráðstefnunni. Sýndar voru nokkrar glærur frá síðasta fundi NNK í janúar sl. og útskýrt hvað þetta samstarf systurfélaganna skandinavísku gengur út á.

10. Önnur mál

Friðrik Höskuldsson stýrimaður spurði hver staða farmanna væri gagnvart komandi kjarasamningum.

PÆP fór yfir stöðu mála og minnti á að vöntun væri á yfirmönnum á flotann almennt. Hann fór yfir málefni Skipstjórnarskólans og sagði að of fáir stýrimenn útskrifist á ári, það vantar fleiri stýrimannsefni, það gæti gefið tilefni til betri samningsstöðu okkar en það gæti líka orskað það að útgerðirnar leituðu erlendis eftir vönum mönnum sem væri afar slæmt, Skipstjórnarskólinn og menntamálayfirvöld þyrftu að auglýsa þessa menntun betur og uppá hvað hún býður.

Karl Guðmundsson skipstjóri spurði hvort félagið hefði komið að því að móta menntun sjómanna. Félagið á fulltrúa í Starfsgreinaráði sem m.a. hafði til umfjöllunar kadettanámið en það má segja að það væri gott að hafa tengilið frá félaginu í stjórn skólans. Hins vegar hefur félagið komið að mótun námskeiða s.s. fyrir hafnsögumenn, nú

síðast í vetur sem leið. Við höfum að öðru leyti ekki komið að mótun menntunar sjómanna.

Ás sagði frá því að við hefðum áhyggjur af fækkun í áhöfnum fiskiskipa, margir skipstjórnarmenn segja fækkun orðna of mikla, meiri en nokkur í áhöfn þessara skipa vilji. Á sumum skipum er vinnan það mikil að það bitnar á heilsu manna, lög um hvíldarákvæði væru brotin og menn útslitnir um aldur fram. Þessu viljum við breyta, skoðun okkar er að skipin eiga að vera mönnuð í samræmi við þau verkefni sem þau vinna. Það skýtur skökku við að í kjarasamningum hjá fólki í landi er gerð ríkari krafa um styttri vinnutíma, á sama tíma eykst álagið á suma sjómenn. Við sjáum á umsóknum í sjúkrasjóð (sjúkradagpeninga) að álag á sjómenn er að aukast og við því þarf að bregðast. Við höfum lagt til eins og áður hefur komið fram að í hverju skipi sé mönnunarskírteini sem kveði á um fjölda manna við þau verkefni sem skipið vinnur á hverjum tíma. Ef útgerð vill fækka, þá komi fleiri aðilar að því að skoða möguleika á fækkun en bara útgerðarmaður.

Karl Guðmundsson spurði um eftirlitsaðila með mönnun og útivistartíma, einkum báta sem væru með undanþágu frá mönnun, td. 14 tíma bátar. Ás sagði frá Trackwell kerfinu sem skráir upplýsingar um siglingu hvers báts/skips í gegnum AIS kerfið. Trackwell kerfið skilar upplýsingum inn til Samgöngustofu um ferðir hvers skips, hægt er að sjá td. hvenær skip fór úr höfn og hvenær það kom til hafnar, hraða þess, staðsetningu ofl. Samgöngustofa getur þannig fylgst með ferðum skipa og báta, kerfið ætti því að nýtast yfirvöldum við eftirlit og umsjón fiskveiða. Staðreyndin er hinsvegar að þetta er ekki gert, ítrekað eru reglur um útivistartíma og mönnun brotnar. Það virðist komin hefð á að virða ekki hámarksútivist 14 klst. þegar mönnun báts er skert.

Einar Valsson skipherra sagði að LHG hafi verið að sinna þessu eftirlitshlutverki, við förum um borð í báta sagði hann, kærum, það er kært til lögheimils viðkomandi aðila, fer eftir hvaða lögmaður er með málið og ef ákært er, þá er sektin einungis um 50 þús. kr. sem skiptir litlu máli fyrir útgerðina. Eins og að skvetta vatni á gæs, menn halda uppteknum hætti, refsingin þyrfti að vera mun meiri til að bíta.

Valgeir Ásgeirsson skipstjóri spurðist fyrir um samningaviðræður fiskimanna og hvað þeim liði og afhverju ekkert gerist fyrr en í haust. Ás svaraði því til að reynslan frá árum áður væri að það gerist ekkert yfir sumarið í samningaviðræðum almennt, fólk væri hingað og þangað í sumarfríum þannig að það næðist aldrei að boða alla til fundar. Því væri gert hlé fram á haust.

Fleira ekki rætt.

Að lokum þakkaði formaður fundarmönnum komuna og sleit fundi kl. 16:05

Árni Bjarnason
formaður

Árni Sverrisson
framkvæmdastjóri

Páll Ægir Pétursson
fundarritari